

Ár 2006, þriðjudaginn 5. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr.

S-304/2006:

Ákærvaldið

(*Gunnar Örn Jónsson ftr.*)

gegn

Þráni Hallgrímssyni

(*sjálfur*)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. september sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 3. maí 2006, á hendur Þráni Hallgrímssyni, kt. 000000-0000, Helgubraut 13, Kópavogi, „fyrir umferðarlagabrot með því að hafa síðdegis laugardaginn 5. nóvember 2005, ekið bifreiðinni RX-848 af Grænumörk í Hveragerði, inná Suðurlandsveg án nægilegrar aðgæslu og tillitssemi og án þess að veita umferð um Suðurlandsveg skilyrðislausan forgang, með þeim afleiðingum að snögghemla þurfti lögreglubifreið er kom aðvífandi austur Suðurlandsveg“.

Ákærvaldið telur þessa háttsemi varða við 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 100. gr. sömu laga, og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði mætti við þingfestingu málsins og óskaði ekki eftir verjanda. Dómari gætti leiðbeiningarskyldu gagnvart ákærða, sem er ólöglerður. Við þingfestingu málsins óskaði ákærvaldið eftir leiðréttingu á ákæru. Um væri að ræða bifreiðina KX-848 en ekki RX-848. Er þessi misritun ekki talin hafa áhrif á varnir í málinu. Ákærði neitaði sök. Aðalmeðferð málsins fór fram 12. september sl. en ákærði flutti mál sitt sjálfur. Þann 27. september sl. var kveðinn upp úrskurður í málinu þar sem því var vísað frá dómi án kröfu. Þann 29. september sl. barst dóminum kæra sýslumannsins á Selfossi þar sem framangreindur úrskurður frá 27. september sl. var kærður til Hæstaréttar. Kæran var send Hæstarétti þann 12. október sl. Frávísunarúrskurður Héraðsdóms Suðurlands var felldur úr gildi og lagt fyrir dómara að taka málið til efnislegrar meðferðar með dómi Hæstaréttar uppkveðnum þann 25. október síðastliðinn. Þann 30. nóvember sl. var málið endurupptekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands og dómtekið sama dag.

Málsástæður:

Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að meint brot átti sér stað kl. 17.03 og er brotið skráð sem stöðvunarskyldubrot. Í skýrslunni kemur fram að ökumaður hafi ekið suður Grænumörk og beygt austur Suðurlandsveg. Ákærði mótmælti strax á vettvangi meintu broti. Í lögregluskýrslu sem gerð var 14. nóvember 2005 segir að kært sé fyrir að „forgangur, stöðvunarskylda, biðskylda sé eigi virt“. Segir í þeirri skýrslu að það hafi verið rökkur, blaut færð, mikil umferð og skýjað. Í lögregluskýrslunni segir að bifreiðinni hafi verið ekið suður Grænumörk og henni beygt austur Suðurlandsveg í veg fyrir lögreglubifreiðina sem var ekið austur Suðurlandsveg. Segir að stöðvunarskylda sé fyrir umferð af Grænumörk inn á Suðurlandsveg. Hafi ökumaður lögreglubifreiðarinnar þurft að hemla til að koma í veg fyrir að aka á bifreiðina. Segir í skýrslunni að akstur bifreiðarinnar hafi verið stöðvaður skömmu seinna og ökumanni boðið yfir í lögreglubifreiðina. Ökumaður bifreiðarinnar hefði ekki verið viss um hvort hann hefði stansað við stöðvunarmerki og jafnframt að honum hefði fundist það dapurlegt að lenda í lögreglunni. Segir að ákærði hafi farið yfir í bifreið sína og spurt eiginkonu sína hvort hann hefði stansað við stöðvunarlínu og þegar hann kom yfir í lögreglubifreiðina aftur hafi hann mótmælt því að hann hefði ekki stöðvað bifreiðina við stöðvunarlínu þar sem eiginkona hans, sem var með honum í bifreiðinni, gæti fullyrt að hann hefði stöðvað bifreiðina við stöðvunarlínuna.

Í skýrslu sem lögreglan á Selfossi tók af Þorsteini Magnússyni lögreglumanni, sem var í eftirliti á lögreglubifreiðinni í umrætt sinn, kvaðst hann ekki hafa séð hvort bifreiðin KX-848 hefði numið skilyrðislaust staðar við gatnamótin áður en henni var ekið af Grænumörk inn á Suðurlandsveg. Hann staðfestir hins vegar í skýrslunni að bifreiðinni hefði verið ekið inn á Suðurlandsveg í veg fyrir lögreglubifreiðina sem Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen lögreglumaður ók. Kvað Þorsteinn Jóhönnu hafa orðið að hemla og draga úr ferð og því orðið fyrir truflun og óþægindum af akstri KX-848 er henni var ekið í veg fyrir lögreglubifreiðina. Segir Þorsteinn að þau Jóhanna hafi verið á leið austur Suðurlandsveg og verið nýlega komin út úr hringtorginu á Suðurlandsvegi við Breiðumörk og lögreglubifreiðin verið á að giska 20 metrum vestan við umrædd gatnamót þegar KX-848 var ekið í veg fyrir hana.

Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen lögreglumaður gaf skýrslu 27. desember 2005 hjá lögreglunni á Selfossi um meint brot. Segir hún í skýrslunni að hún hafi ásamt Þorsteini Magnússyni verið í umferðareftirliti á lögreglubifreiðinni 33-209 sem hún ók til austurs eftir Suðurlandsvegi frá hringtorgi á Suðurlandsvegi á mótum Þorlákshafnarvegur og Breiðumarkar. Segir hún í skýrslunni að þegar hún hafi verið að nálgast Grænumörk hefði bifreið verið ekið af þeirri götu inn á Suðurlandsveg til austurs. Sagði hún að sú bifreið hefði ekki truflað sig eða skapað óþægindi. Hins vegar hefði önnur bifreið fylgt þeirri bifreið eftir og henni verið ekið sömu leið til austurs og hefði akstur þeirrar bifreiðar orðið til þess að hún hafi orðið að draga úr hraða lögreglubifreiðarinnar með því að hemla. Hefði það verið bifreið ákærða. Segir Jóhanna að hún hafi ekki veitt því athygli hvort ákærði hafi stansað á stöðvunarlínu á móts við stöðvunarskyldumerkið sem er á Grænumörk, enda kvaðst hún ekki hafa kært ákærða fyrir að hafa ekki stöðvað bifreið sína á

stöðvunarlinu heldur fyrir það að veita ekki umferð um Suðurlandsveg skilyrðislausan forgang eins og stöðvunarskyldumerkið á Grænumörk gæfi til kynna. Þá kvaðst Jóhanna hafa kært ákærða fyrir að hafa ekki sýnt þá tillitssemi og varúð sem honum bar og með því truflað umferð að óþörfu auk þess að valda óþægindum. Aðspurð um nákvæman ökuhraða lögreglubifreiðarinnar í þann mund sem KX-848 var ekið í veg fyrir hana kvaðst hún ekki geta sagt til um það en hann hafi verið um það bil 50 til 60 km á klukkustund. Jóhanna kvaðst ekki treysta sér til að segja til um hve langt frá gatnamótunum hún var í metrum talið þegar bifreiðinni var ekið í veg fyrir hana en það hafi verið mjög stutt og henni hefði þótt brotið það gróft að hún hafi tekið þá ákvörðun að hafa tal af ökumanni KX-848 og kæra hann.

Þórunn Karitas Þorsteinsdóttir, kt. 000000-0000, eiginkona ákærða, gaf skýrslu hjá lögreglu 19. janúar 2006. Segir hún í skýrslunni að hún og ákærði hefðu verið að koma frá bensínstöðinni gegnt Eden og hafi ekið til austurs. Hefði ákærði verið ökumaður en hún setið í framsæti við hliðina á honum. Þau hafi verið á mjög löngum bíl með kerru. Hafi kerran verið um 3 metrar auk beislis þannig að bíll og kerra hefðu verið í heildina 9 metrar. Segist hún ekki þekkja göturnar í Hveragerði en ákærði hefði ekið til vinstri inn á Suðurlandsveginn. Segir hún að ákærði hafi stöðvað akstur bifreiðarinnar á mótum Grænumarkar og Suðurlandsvegur en segist ekki geta metið það hversu lengi hann stansaði en hann hefði stöðvað bílinn. Hún bendir á í skýrslunni að Toyota sé ekki kraftmikill bíll og með svona kerru aftan í sé bíllinn enn þungri. Þórunni er bent á að í lögregluskýrslu ákærða komi fram að hann hafi ekki verið viss um það hvort hann stansaði við stöðvunarmerkið. Hún segir í skýrslunni það ósannindi að lögreglubifreiðin hefði þurft að hemla til að koma í veg fyrir að aka á bifreiðina KX-848, hún hafi setið í framsætinu og hefði haft gott útsýni yfir veginn og fylgst vel með umferð. Hún segir að röð bifreiða hafi verið ekið út úr hringtorginu en hún hafi ekki tekið eftir því hvort lögreglubifreið var þar á meðal. Segir hún að það hafi verið langt í þessa bílaumferð, á milli 300 og 400 metrar, þegar ákærði hafi ekið inn á Suðurlandsveginn. Segir hún að ákærði hafi verið búinn að aka bifreiðinni töluverðan spotta til austurs þegar þau hefðu fengið merki um að stöðva bílinn. Hún heldur að það hafi verið um nokkra tugi metra að ræða. Fullyrðir hún í skýrslunni að hún hafi séð bílaumferð koma út úr hringtorginu en að öðru leyti hafi vegurinn verið auður og hindrunarlaus.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði, Þráinn Halldórsson, gaf skýrslu fyrir dómi en hann flutti mál sitt sjálfur. Krafðist hann sýknu á þeim forsendum að ákært væri fyrir annað brot en hann var upphaflega kærður fyrir. Sagði hann að laugardaginn 5. nóvember, er hann hefði verið að koma úr sumarbústað sínum á Laugarvatni, hefði hann ekið inn í Hveragerði að bensínstöðinni gegnt Eden. Þá hefði hann ekið út úr Hveragerði við gatnamót Suðurlandsvegur og Grænumarkar í átt að Selfossi. Kvað ákærði sig hafa verið með kerru aftan í bifreið sinni og samanlagt hefði bifreið og kerra verið um 10 metrar að lengd. Taldi ákærði sig hafa af þeirri ástæðu sýnt sérstaka varúð gagnvart umferð á Suðurlandsveginum er hann ók bifreið sinni inn á veginn, enda þekki hann aðstæður þarna mjög vel þar sem hann hefði unnið á svæðinu í 6 ár og því hættan vel ljós. Ákærði taldi sig hafa litið til beggja átta áður en hann ók inn á Suðurlandsveginn, og þá séð, þrátt fyrir rökkur og dimmviðri, hvar bílaröð hefði komið út úr umferðareyjunni við Breiðumörk um það leyti sem hann var að koma að gatnamótum Grænumarkar og Suðurlandsvegur. Taldi ákærði enga hættu hafa verið við það að hann færi inn á þjóðveginn við þessar aðstæður, m.t.t. þess að hann

væri á jeppabifreið með langa kerru í eftirdragi og þyrfti því að sýna sérstaka aðgæslu við aksturinn. Kvað ákærði að þegar hann hefði verið kominn inn á þjóðveginn hefði hann ekið nokkra tugi eða eitt til tvö hundruð metra og þá hefði lögregla gefið honum blá ljósmerki um að stöðva bifreiðina. Ákærði tók það sérstaklega fram að þrjár bifreiðar hefðu verið á eftir lögreglubifreiðinni og engin þeirra hefði gefið nokkurt merki um að hætta hefði stafað af akstri hans en ákærði sagði það vera venju við slíkar aðstæður að ökumenn gæfu ýmist hljóð- eða ljósmerki. Þá sagði ákærði að eftir að hann hefði stöðvað bifreið sína hefði hann farið yfir í lögreglubifreiðina en taldi það órafjarri sínum hugmyndum að verið væri að stöðva akstur hans vegna þess að hann hefði „svínað“ fyrir lögreglubifreiðina. Sagði ákærði sig hafa strax verið sakaðan um að hafa brotið reglur um stöðvunarskyldu við umrædd gatnamót. Við þær ásakanir kvað ákærði sig ekki hafa sagt orð, heldur farið yfir í bíl konu sinnar til að fá upplýsingar um hennar mat á aðstæðum því hann hefði ekki viljað fullyrða hluti sem væru ekki hundrað prósent réttir, ekki að hann væri í efa sjálfur heldur hefði hann viljað fá staðfestingu á því að hann væri að fara með rétt mál. Sagði ákærði sig og eiginkonu sína hafa verið sammála um það að hann hefði stöðvað bifreiðina við stöðvunarskyldumerkið og því næst hefði hann farið aftur yfir í lögreglubifreiðina og tilkynnt að hann mótmælti ásökunum um að hafa ekki stansað við umrætt merki. Aðspurður taldi ákærði sig hafa tekið eftir umferðarskiltinu, ásamt því að hafa stöðvað bifreið sína til móts við það. Þá bar ákærði að hann kannaðist ekki við að nokkur bifreið hefði verið á undan sér á umræddum gatnamótum þegar hann kom að þeim og því hefði hann ekki þurft að bíða neitt við gatnamótin, utan þess að hafa stansað við stöðvunarskyldumerkið. Þá tók ákærði sérstaklega fram að málið hefði ætíð snúist um stöðvunarskyldubrot en ekki það brot sem honum væri gert að sök í ákæruskjali því er honum hefði verið birt. Vísaði hann meðal annars til heitis brots í sektarboði sem hann fékk sent frá sýslumanninum á Selfossi. Sagðist hann ekki hafa fengið gögn málsins fyrr en við þingfestingu málsins 21. júní 2006 og þá fyrst séð að honum var gert að sök að hafa ekið fyrir lögreglubifreiðina í umrætt sinn en ekki það að hann hafi ekki virt stöðvunarskyldu.

Vitnið Jóhanna Eivinsdóttir Christiansen lögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið kvað sig hafa verið að aka lögreglubifreið austur Suðurlandsveg frá hringtorginu við Breiðumörk, þegar hún sá hvar bifreið var stopp við stöðvunarskyldumerkið á gatnamótum Grænumarkar og Suðurlandsvegur. Bifreiðinni var síðan ekið inn á Suðurlandsveg, til austurs í átt að Selfossi. Því næst sá vitnið hvar annarri bifreið, sem það kvað hafa verið bifreið ákærða, var ekið eftir Grænumörkinni að gatnamótunum og inn á Suðurlandsveginn í veg fyrir sig, án þess að ökumaður virti stöðvunarskyldumerkið, þar sem vitnið kom akandi á lögreglubifreiðinni þannig að það þurfti að hemla niður. Taldi lögreglukonan ákærða hafa, með háttalagi sínu, „svínað fyrir“ lögreglubifreiðina þannig að hún hefði þurft að hemla niður. Aðspurt taldi vitnið sig ekki gera sér grein fyrir því hversu langt hefði verið í bifreið ákærða þegar hann ók í veg fyrir lögreglubifreiðina en ágiskun vitnisins væri sú að vegalengdin hefði verið um 100 metrar. Aðspurt kvað vitnið lögreglubifreiðina hafa verið á um 50 til 60 km hraða á klukkustund en kveðst ekki muna hvort bifreiðum hefði verið ekið á eftir lögreglubifreiðinni. Kvað vitnið að ekki hefði verið hætta á árekstri, þrátt fyrir að það hefði þurft að hemla niður en sagði jafnframt að hefði vitnið ekki hemlað niður þá hefði það keyrt aftan á bíl ákærða en þó ekki harkalega. Aðspurt um hvort verið væri að kæra ákærða fyrir að hafa ekki sinnt stöðvunarskyldu eða fyrir eitthvert annað brot, kvað vitnið ákærða hvorki hafa sinnt stöðvunarskyldu né hafa virt

forgang umferðar á Suðurlandsvegi. Þá bar vitnið, aðspurt um hvort það eða aðrir ökumenn hefðu gefið til kynna, með ljós- eða hljóðmerki, að hætta væri af aksturslagi ákærða, að svo hefði ekki verið, að öðru leyti en því að ákærða hefðu verið gefin blá ljósmerki um að stöðva akstur bifreiðar sinnar nokkrum sekúndum eftir að hann hefði verið kominn út á Suðurlandsveginn.

Vitnið Þorsteinn Magnússon, fyrrverandi lögreglumaður, kom fyrir dóminn. Kvað vitnið sig hafa verið farþega í lögreglubifreið þeirri er ók í austur eftir Suðurlandsvegi. Kvað vitnið að þegar lögreglubifreiðin hafi verið að nálgast gatnamót Grænumarkar og Suðurlandsvegur hefði bifreið ákærða verið ekið inn á Suðurlandsveginn í veg fyrir lögreglubifreiðina, þannig að ökumaður lögreglubifreiðarinnar hefði þurft að hægja verulega á ferð lögreglubifreiðarinnar og hafði óþægindi af. Aðspurt kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvort ákærði hefði numið staðar við stöðvunarskyldumerkið, þar sem vitnið hafi verið að horfa á ratsjá lögreglubifreiðarinnar, en telur aðspurt að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið á um 60 til 70 km hraða á klukkustund á umræddum tíma. Þá kvað vitnið ekki hafa liðið langan tíma frá því að ákærði ók í veg fyrir lögreglubifreiðina og þangað til honum var gefið til kynna, með bláum forgangsljósum lögreglubifreiðarinnar, að stöðva aksturinn, eða innan við ein mínúta. Þá kvaðst vitnið ekki muna hvort önnur bifreið hefði verið á undan ákærða á umræddum gatnamótum eða hvort aðrar bifreiðar hefðu verið á eftir lögreglubifreiðinni í umrætt sinn, þótt það telji slíkt ekki óhugsandi þar sem umferð var nokkur á þessum tíma. Vitnið kvað hættu hafa skapast af akstri ákærða, þótt það teldi hættuna ekki hafa verið verulega. Þá bar vitnið að ekki hefðu aðrar bifreiðar en lögreglubifreiðin gefið til kynna, með hljóð- eða ljósmerki, að hætta hefði stafað af akstri ákærða. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hversu langt hefði verið milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða þegar ákærði ók í veg fyrir lögreglubifreiðina.

Vitnið Þórunn Karítas Þorsteinsdóttir, eiginkona ákærða, kom fyrir dóminn. Kvað hún að þau hefðu ekið út úr Hveragerði um gatnamót Grænumarkar og Suðurlandsvegur. Kvað hún ákærða hafa stöðvað bílinn á umræddum gatnamótum til þess að kanna aðstæður á Suðurlandsveginum. Kvaðst hún hafa séð hvar umferð kom út úr hringtorginu við Breiðumörk en sagði enga umferð hafa verið úr austurátt og við þær aðstæður hefði ákærði ekið út á Suðurlandsveginn til austurs. Kvað vitnið að þegar ákærði hefði verið kominn um 50 til 100 metra frá gatnamótunum hefði verið kveikt á bláum forgangsljósum lögreglubifreiðar fyrir aftan þau. Kvað hún ákærða hafa stöðvað bifreiðina og farið yfir í lögreglubifreiðina. Þá kvað hún ákærða hafa komið aftur til baka skömmu síðar og tjáð sér að honum væri gert að sök að hafa ekki virt stöðvunarskyldu á umræddum gatnamótum. Kvað hún ákærða einungis hafa komið til baka til að fá staðfestingu á því að fullyrðing hans, um að hafa virt stöðvunarskyldumerkið á umræddum gatnamótum, hefði verið rétt og þeim hefði ekki farið annað á milli. Aðspurð kvað hún enga bifreið hafa verið á undan bifreið ákærða á umræddum gatnamótum en kvað hins vegar þrjár til fjórar bifreiðar hafa verið á eftir lögreglubifreiðinni.

Niðurstöður:

Í máli þessu er ákært fyrir akstur inn á Suðurlandsveg, um gatnamót Suðurlandsvegur og Grænumarkar í Hveragerði, án þess að ökumaður hafi gætt nægjanlegrar aðgæslu og tillitssemi og án þess að veita umferð um Suðurlandsveg skilyrðislausan forgang, með þeim afleiðingum að snögghemla þurfti

lögreglubifreið er kom aðvífandi austur Suðurlandsveg. Í 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga segir að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, og þannig að eigi trufla eða tefji umferð að óþörfu. Þá segir í 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga að ökumaður sem eigi að veita öðrum forgang megi einungis aka áfram að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki miðað við hvar þau eru á vegi, hver fjarlægð þeirra er og hraði. Í skýrslu fyrir dómi kom fram að ákærði taldi enga hættu hafa verið yfirvofandi við það að hann færi inn á Suðurlandsveginn við þær aðstæður sem voru þegar meint brot átti sér stað, m.t.t. þess að hann væri á jeppabifreið með langa kerru í eftirdragi. Í framburði vitnisins Jóhönnu, ökumanns lögreglubifreiðarinnar, fyrir dómi kemur fram að hún hafi þurft að snögghemla lögreglubifreiðinni, til að koma í veg fyrir að hún æki aftan á bifreið ákærða, þegar hann ók inn á Suðurlandsveginn í veg fyrir lögreglubifreiðina. Þá kemur fram í lögregluskýrslu sem tekin var af vitninu Jóhönnu þann 27. desember 2005 að það hefði verið mat hennar að meint umferðarlagabrot ákærða, að aka í veg fyrir lögreglubifreiðina, hafi verið það gróft að hún hafi ákveðið að stöðva akstur ákærða og kæra hann. Vitnið Þorsteinn Magnússon, farþegi lögreglubifreiðarinnar, sagði fyrir dómi að Jóhanna, ökumaður lögreglubifreiðarinnar, hefði þurft að hægja verulega á ferð lögreglubifreiðarinnar og haft óþægindi af, í kjölfar þess að ákærði ók í veg fyrir lögreglubifreiðina. Það er mat dómsins að þrátt fyrir framangreint mat ákærða á aðstæðum í umrætt sinn, þá verði að fallast á það með vætti tveggja lögreglumanna, að ákærði hafi með háttalagi sínu, eins og honum er gefið að sök í ákæru, valdið ökumanni lögreglubifreiðarinnar óþægindum og truflun við akstur og með því gerst brotlegur við 1. mgr. 4. gr., sbr. 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Að öllu ofangreindu virtu ber að sakfella ákærða fyrir það brot sem honum er gefið að sök í ákæru. Þykir refsing hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Enginn sakarkostnaður hlaust af málinu.

Gunnar Örn Jónsson fulltrúi flutti málið fyrir hönd ákæruvaldsins.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna starfsanna dómarans.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Hallgrímsson, greiði 10.000 krónur til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms að telja, en sæti ella fangelsi í tvo daga.

Ástríður Grímsdóttir.